

Sigurborg Daðadóttir,
formaður Dýraverndarráðs og
nefndarmaður í nefndinni sem vann að gerð frumvarpsins.

Alþingi
Erindi nr. P 141/788
komudagur 28.11.2012

Eftirfarandi tillaga lögð fram á fundi atvinnuveganefndar 28. nóvember 2012 og varðar hugsanlegar breytingar á ákvæði 11. gr. um „Leyfisskyldu“:

IV. KAFLI
Úttektir og eftirlit.

11. gr.
Úttekt.

Umfangsmikið og tæknivætt dýrahald eða starfsemi er skylt að tilkynna til Matvælastofnunar áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði sem sett eru um húsakost, búnað og þekkingu, sbr. 9. gr. og 28.–31. gr. eru uppfyllt og þau tekin út af Matvælastofnun.

Ráðherra skal með reglugerð ákvarða í hvaða tilvikum fisk-, alifugla-, svína- og loðdýraeldi og hvaða tæknivædda dýrahald eða starfsemi skal vera tilkynningaskyld og falla undir grein þessa.

12. gr.
Eftirlit.

Öll starfsemi sem lög þessi nær til skal háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess.

Aðrar breytingar þessu samfara:

9. gr.
Geta, hæfni og ábyrgð.

Bætt verði við 4. mgr. sem hljóði svo:
„Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þær kröfur sem gerðar eru til umráðamanna varðandi getu og hæfni, svo sem um menntun“.

35. gr.
Stjórnvaldssektir.

Bætt verði við 1. mgr. sem hljóði svo:
„Matvælastofnun getur lagt á stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila fyrir brot á 6., 11., 13-20. og 25.-31. gr. laga þessara og reglugerðum settum með stoð í þeim“.

Viðauki
Felldur út (1. tl. og 2. tl.)

Greinargerð

Til að fyrirbyggja að þúsundir dýra líði vegna vanbúnaðar (sbr. 9. gr. og 28. - 31. gr.) telur undirrituð mikilvægt að húsakostur, búnaður og þekking sé tekið út af opinberum aðilum áður en starfsemi hefst í viðamiklu og tæknivæddu dýrahaldi og að það standist úttekt. Hér er átt við dýrahald sem tekur til dýra í hundruða og þúsunda tali og stærri búa eða starfsemi sem eru mikið tæknivædd (sjálfvirkur mjalta- og fóðurbúnaður, hringekjur, hlaupabretti ofl.). Dýrahald getur verið mjög tæknivætt og mikilvægt að búnaður sé prófaður af eftirlitsaðila og öryggisatriði yfirfarin og að gengið sé úr skugga um að umráðamenn hafi þekkingu á viðkomandi dýrum. Þetta er mikilvægt að gera áður en starfsemi hefst, frekar en að eltast við úrbætur eftir á og dýrin líða á meðan.